

## Fyrsti fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæði í Þjórsárdal

Fjarfundur haldinn á skype 4. maí kl: 15:00

### Fundarmenn

- ✓ Aron Geir Eggertsson, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- ✓ Ingibjörg Marta Bjarnadóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- ✓ Hákon Ásgeirsson, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- ✓ Ásta Hermansdóttir, fulltrúi Minjastofnunar Íslands
- ✓ Uggi Ævarsson, fulltrúi Minjastofnunar Íslands
- ✓ Björgvin Skafti Bjarnason, fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps
- ✓ Hreinn Óskarsson, fulltrúi Skógræktarinnar

### Dagskrá:

1. Farið yfir vinnuferli við stjórnunar- og verndaráætlanir.
2. Farið yfir verk- og tímaáætlun.
3. Farið yfir samráðsáætlun.
4. Næstu skref.

### Fundarefni:

1. Efni og hlutverk stjórnunar- og verndaráætlunar kynnt og hverjar heimildir og áherslur Umhverfisstofnunar eru við stýringu friðlýstra svæða. Farið er yfir verkferil vinnunnar.
2. Farið var yfir verk- og tímaáætlun fyrir vinnuna og uppbygging stjórnunar- og verndaráætlunarinnar. Rætt um fyrirkomulag vinnunnar s.s. hvort stefnt sé að vettvangsferð samstarfshópsins á svæðið. Ekki gerðar athugasemdir við áætlunina og var hún samþykkt.
3. Kynnt var samráðsáætlun fyrir svæðið og hagsmunaaðilum bætt á listann. Áætlunin var samþykkt en gert er ráð fyrir að hægt sé að bæta við hagsmunaaðilum eftir því sem vinnunni vindur fram.
4. Umhverfisstofnun sendir drög að 1. og 2. kafla til yfirlestrar á samstarfshópinn og annar fundur samstarfshópsins verður boðaður síðar.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 16:00.